

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (lífeyristryggingar, atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (XV).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 frá 17. júní 2008, um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarrikja, skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði þeirra lúta að lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2009 frá 5. febrúar 2009 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð (EB) nr. 592/2008 fjallar að hluta til um sjúkratryggingar, slysatryggingar, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðisráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku bess hluta sem fjallar um sjúkra- og slysatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2009 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 16, 19. mars 2009, bls. 15, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. september 2009.

Árni Páll Árnason.

Águst Þór Sigurðsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2009
frá 5. febrúar 2009
um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2008 frá 7. nóvember 2008 (¹).
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 frá 17. júní 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71 um beitingu almannatrygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (²).

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

„— **32008 R 0592:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 592/2008 frá 17. júní 2008 (Stjórið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 592/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(¹) Stjórið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 102, og EES-viðbætir við Stjórið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 10.

(²) Stjórið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr. 833

23. september 2009

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 592/2008

frá 17. júní 2008

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (¹),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (²),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að aðlaga vissa viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 (³) svo hægt sé að taka tillit til breytinga á löggjöf tiltekinna aðildarríkja.
- 2) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1408/71 til samræmis við það.

SAMþYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka, II. viðauka, II. viðauka a, III. viðauka, IV. viðauka, VI. viðauka og VIII. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt í samræmi við viðaukann við þessu reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 17. júní 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. LENARČIČ

forseti.

(¹) Álit frá 25. október 2007 (Stjórd. ESB C 44, 16.2.2008, bls. 106).

(²) Álit Evrópuþingsins frá 15. janúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2008.

(³) Stjórd. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1992/2006 (Stjórd. ESB L 392, 30.12.2006, bls. 1).

VIDAUKEI

Viðaukunum við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað textans í þættinum „J. ÍRLAND“ í I. hluta komi eftirfarandi texti:

, „1. Einstaklingur, sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri tryggingu skv. 12., 24. og 70. þætti almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005), telst launþegi í skilningi ii. liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.“

2. Einstaklingur, sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri tryggingu skv. 20. og 24. þætti almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005), telst sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii. liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.“

b) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

- i. eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „J. ÍRLAND“:

, „Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar samkvæmt reglugerðinni merkir hugtakið „aðstandandi“ hvem þann sem telst vera á framfæri launþegans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings í skilningi heilbrigðislaganna frá 1947–2004 (Health Acts 1947–2004).“,

- ii. eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „P. UNGVERJALAND“:

, „Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks í reglugerðinni „aðstandandi“ maki eða barn á framfæri samkvæmt skilgreiningu í b-lið 685. gr. í reglum um einkamálarétt.“

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað textans í þættinum „I. FRAKKLAND“ í I. hluta komi eftirfarandi texti:

, „Viðbótaðkerfi vegna bóta fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga innan handverksíðna, iðnaðar- eða verslunarstarfa eða menntastéttu, viðbótaðkerfi vegna elliþrýgginga sjálfstætt starfandi einstaklinga innan menntastéttu, viðbótartryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga innan menntastéttu sem nær yfir örorku eða andlát, og viðbótaðkerfi vegna bóta vegna elli fyrir sammingsbundna lækna og aðstoðarfólk í heilbrigðispjónustu, eins og um getur í greinum L 615-20, L 644-1, L 644-2, L 645-1 og L 723-14 í almannatryggingalögum, eftir því sem við á.“,

- b) Í stað textans í þættinum „T. PÓLLAND“ í II. hluta komi eftirfarandi texti:

, „Styrkur vegna barnsbúðar í formi eingreiðslu (lög um fjölskyldubætur).“

3. Í stað textans í þættinum „J. ÍRLAND“ í II. viðauka a komi eftirfarandi texti:

, „a) Greiðslur fyrir fólk í atvinnuleit (2. kafli 3. hluta almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

b) Lifeyrir frá ríkinu (iðgjaldsfrjáls) (4. kafli 3. hluta almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

c) Ekknalifeyrir (iðgjaldsfrjáls) og ekklalifeyrir (iðgjaldsfrjáls) (6. kafli 3. hluta almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

d) Greiðslur til fatlaðra (10. kafli 3. hluta almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).

e) Styrkur til að stuðla að hreyfanleika (61. þáttur heilbrigðislaganna frá 1970 (Health Act 1970)).

f) Blíndralifeyrir (5. kafli 3. hluta almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)).“

4. Ákvæði A-hluta í III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

a) í 16. lið komi eftirfarandi í stað textans í þættinum „ÞÝSKALAND-UNGVERJALAND“:

„a) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 40. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 2. maí 1998.

b) Ákvæði 16. liðar lokabókunar við framangreindan samning.“,

b) í 28. lið komi eftirfarandi í stað textans í þættinum „UNGVERJALAND-AUSTURRÍKI“:

„Ákvæði 3. mgr. 36. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 31. mars 1999.“

5. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „J. ÍRLAND“:

„2. hluti 17. kafla almannatryggingalaganna frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005)“,

ii. eftirfarandi liður í þættinum „R. HOLLAND“ bætist við:

„c) de Wet werk en inkomen naar arbeidsvermogen (WIA) (lög um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu) frá 10. nóvember 2005.“,

b) ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

i. eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „P. UNGVERJALAND“:

„Ekkert.“,

ii. eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „S. AUSTURRÍKI“:

„1. Allar umsóknir um bætur samkvæmt Allgemeines Sozialversicherungsgesetz (lög um almannatryggingar) (ASVG), Gewerbliches Sozialversicherungsgesetz (lög um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við iðnað) (GSVG) og Bauern-Sozialversicherungsgesetz (lög um almannatryggingar fyrir bændur) (BSVG), í þeim tilvikum þegar 46. gr. b og 46. gr. c reglugerðarinnar gilda ekki.

2. Allar umsóknir um eftirfarandi bætur á grundvelli lifeyrissjóðs samkvæmt lögum um almennan lifeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (APG)), í þeim tilvikum þegar 46. gr. b og 46. gr. c reglugerðarinnar gilda ekki:

a) ellilifeyrir,

b) örorkulifeyrir,

c) eftirlifendalifeyrir, svo fremi að ekki eigi að reikna út hækjun bótanna á grundvelli viðbótartryggingarmánaða skv. 2. mgr. 7. gr. laga um almennan lifeyri (APG).“

6. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á textanum í þættinum „D. DANMÖRK“:

i. í 6. lið falli brott „frá 20. desember 1989,“,

ii. eftirfarandi komi í stað 11. liðar:

„11. Timabundnar bætur til atvinnulausa einstaklinga sem hafa verið ráðnir í sveigjanlegt starf (ledighedsydelse) (samkvæmt lögum um virka félagsmálastefnu) falla undir 6. kafla í III. bálki (atvinnuleysisbætur). Að því er varðar atvinnulausa einstaklinga sem fara til annars aðildarríkis gilda 69. og 71. gr. reglugerðarinnar ef það aðildarríki hefur svipuð kerfi fyrir sama hóp einstaklinga.“,

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á textanum í þættinum „R. HOLLAND“:

i. eftirfarandi komi í stað ii. liðar í a-lið 1. liðar:

„ii. aðstandendur fólkst í virkri herþjónustu sem eru búsettur í öðru aðildarríki og einstaklingar sem eru búsettur í öðru aðildarríki, svo framarlega sem þeir falla ekki þegar undir i. lið, og eiga, samkvæmt reglugerðinni, rétt á heilbrigðisþjónustu í búseturíkinu á kostnað Hollands.“,

ii. eftirfarandi komi í stað c-liðar 1. liðar:

„c) Ákvæði Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) og Algemene Wet Bijzondere Ziektekosten (almennra laga um sérstakan sjúkrakostnað) um ábyrgð vegna greiðslu iðgjalda gilda um þá einstaklinga sem um getur í a-lið og aðstandendur þeira. Iðgjöld vegna aðstandenda skulu lögð á þann einstakling sem réttur til heilbrigðisþjónustu er leiddur af, að undanskildum aðstandendum fólkst í herþjónustu sem búa í öðru aðildarríki, þar sem þau eru lögð beint á þá.“,

iii. eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

,4. Beiting hollenskrar löggjafar um óvinnufærni

a) Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er ekki lengur tryggður samkvæmt almennum lögum um fötlunar (Algemene arbeidsongeschiktheidswet (AAW)) frá 11. desember 1975, lögum um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklings (Wet arbeidsongeschiktheidsverzekering zelfstandigen (WAZ)) frá 24. apríl 1997, lögum um tryggingar vegna fötlunar (Wet op de arbeidsongeschiktheidsverzekering (WAO)) frá 18. febrúar 1966 eða lögum um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (Wet werk en inkomen naar arbeidsvermogen (WIA)) frá 10. nóvember 2005, telst vera tryggður þegar áhættan kemur fram, að því er varðar beitingu ákvæð 3. kafla III. balks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis eða, ef svo er ekki, á rétt á bótum vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

b) Eigi hlutaðeigandi einstaklingur rétt á hollenskum örorkubótum samkvæmt a-lið skulu bæturnar greiddar í samræmi við reglurnar í 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar:

i. í samræmi við ákvæði laga um tryggingar vegna fötlunar (WAO) hafi óvinnufærni komið fram fyrir 1. janúar 2004 og hafi hlutaðeigandi einstaklingur, samkvæmt ákvæðum WAO, fyrir þann tíma er óvinnufærni kom fram, síðast verið í vinnu sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar, hafi óvinnufærni komið fram fyrir 1. janúar 2004; hafi óvinnufærni komið fram effir 1. janúar 2004 eða síðar skal reikna upphæð bótanna á grundvelli laga um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA).ii. í samræmi við ákvæði laga um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ) hafi hlutaðeigandi einstaklingur, fyrir þann tíma er óvinnufærni kom fram, síðast verið við vinnu, þó ekki sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar.“

c) Við útreikning bóta, sem eru greiddar í samræmi við lög um tryggingar vegna fötlunar (WAO), lög um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA) eða lög um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ), skulu hollenskar stofnanir taka til greina:

— tímabil launaðrar atvinnu og tímabil sem er farið með sem slik og hefur verið lokið í Hollandi fyrir 1. júlí 1967,— tryggingartímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um tryggingar vegna fötlunar (WAO),

— tryggingartímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið eftir 15 ára aldur samkvæmt almennum lögum um fötlun (AAW), enda falli þau ekki saman við tryggingartímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um tryggingar vegna fötlunar (WAO),

— tryggingartímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um bætur vegna fötlunar til sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ),

— tryggingartímabil sem hefur verið lokið samkvæmt lögum um atvinnu og tekjur í samræmi við starfsgetu (WIA).

d) Við útreikning á hollenskum örorkubótum skv. 1. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar taka hollenskar stofnanir ekki til greina viðbótargreiðslur sem á að greiða samkvæmt ákvæðum laga um viðbótargreiðslur. Réttur til þeirrar viðbótar og fjárhæð hennar skal alfarið reiknuð á grundvelli laga um viðbótargreiðslur.,“

c) eftifarandi liður í þættinum „S. AUSTURRÍKI“ bætist við:

„10. Við útreikning á viðmiðunarfjárhæð bóta á grundvelli lífeyrissjóðs samkvæmt lögum um almennan lífeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (AGP)), að því er varðar a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, skal þar til bær stofnum taka tillit til, fyrir hvern tryggingarmánuð sem er loktið samkvæmt löggjöf annars aðildarrikis, þess hluta heildarlífeyrisréttinda, sem ákvörðuð eru í samræmi við lögum um almennan lífeyri (APG) á þeim tíma þegar réttur til bóta tekur gildi, sem samsvarar hlutfalli af heildarlífeyrisréttindum og fjölda tryggingarmánaða sem heildarlífeyrisréttindi byggja á.“

7. Í stað textans í þættinum „J. ÍRLAND“ í VIII. viðauka komi eftifarandi texti:

„Barnabetur, greiðslur til forráðamanna (iðgjaldsskyldar) og hækkanir á ekknalífeyri (iðgjaldsskyldum) og ekklaþífeyri (iðgjaldsskyldum) sem ber að greiða vegna barna sem uppfylla skilyrði í almannatryggingalögunum frá 2005 (Social Welfare Consolidation Act 2005) og síðari breytingum.“

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2009